

Alþingi
Erindi nr. P/130/1909
komudagur 16. 4. 2004



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Samrit sent Efnahags- og viðskiptanefnd

Reykjavík, 14. apríl 2004.

Efni: Frv. til l. um br. á l. um hlutafélög nr. 2/1995 (459. mál) og frv. til l. um br. á l. um þingsköp Alþingis nr. 55/1991 (458. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndunum fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreind frumvörp sem gera ráð fyrir því að hlutafélög í eigu ríkis eða sveitarfélags að hálfu eða meira verði gert skylt að veita Alþingi, eftir atvikum sveitarstjórnnum, sömu upplýsingar um opinbert málefni eins og ríkisfyrirtækjum. Ráðið leyfir sér hér með að veita umsögn um bæði frumvörpin í einu lagi enda eru þau tengd.

Verslunarráð hefur margoft bent á galla ríkisrekstrar. Ráðið hefur hvatt til þess að ýmis ríkisfyrirtæki verði gerð að hlutafélögum en um leið að losað verði um eignarhald hins opinbera því ráðið hefur talið óheppilegt að hið opinbera fari með verulegt eignarhald í hlutafélögum til lengri tíma. Ríkisrekstur í formi hlutafélaga er ekki eftirsóknarverður til lengri tíma. Tímabundið getur slíkur rekstur þó verið heppilegur ef markmiðið er að færa reksturinn úr höndum hins opinbera og ef gefa þarf tækifæri á einhvers konar aðlögun á markaðinum.

Mál 458

Jafnvel þótt Verslunarráð geti tekið undir það sjónarmið sem virðist liggja að baki frumvarpinu, að hlutafélög í meirihlutaeigu hins opinbera lúti ekki að öllu leyti sömu lögmálum og hlutafélög sem eru alfarið í eigu einkaaðila, telur Verslunarráð frumvarpið ekki heppilegt. Frumvarpið leggur að jöfnu þau hlutafélög sem eru að öllu leyti í eigu ríkisins og þau félög sem eru það aðeins að hálfu leyti. Verslunarráð telur ekki rétt að láta hlutafélög sem einungis eru að hálfu leyti í eigu hins opinbera lúta öðrum reglum en þeim almennu sem gilda um hlutafélög. Allir hluthafar hafa af því hagsmuni að almenn upplýsingagjöf og umræða um hlutafélagið fari fram á hluthafafundum. Almenn skylda til þess að veita hinu opinbera, sem einum hluthafa, sérstakan rétt til upplýsinga umfram aðra er til þess fallin að skapa óvissu um jafna stöðu hluthafa og er ekki í anda hlutafélagalöggjafar. Verslunarráð telur því ekki rétt að telja málefni hlutafélags, sem hugsanlega er ekki nema í helmingseigu hins

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564

Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is

opinbera, opinbert málefni í skilningi laga um þingsköp Alþingis nr. 55/1991.

Mál 459

Með vísan til þess sem áður segir telur Verslunarráð ekki rétt að kveða á um almenna skyldu hlutafélaga í eigu ríkisins til sérstakrar upplýsingagjafar gagnvart Alþingi.

Að öðru leyti telur Verslunarráð rétt að fram komi að frá því að frumvörpin voru fyrst lögð fram hafa orðið töluverðar breytingar hvað upplýsingagjöf almenningshlutafélaga snertir. Þannig kveða nýjar reglur Kauphallar um ríkari skyldu til upplýsinga um t.d. kjör stjórnenda. Nýlega kynnti Verslunarráð *Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja* en eins og nefndinni er trúlega kunnugt um hafa þær hlotið góðar viðtökur íslenskra fyrirtækja og er ekki við öðru að búast en að þær verði stefnumarkandi m.a. um upplýsingagjöf fyrirtækja. Í inngangi að leiðbeiningunum er einmitt fjallað um stöðu opinberra fyrirtækja og hvatt til þess að hið opinbera tileinki sér þær hugmyndir sem að baki leiðbeiningunum liggja. Verslunarráð vonar að ráðherrar sem fara með hluti ríkisins í hlutafélögum bregðist ekki síður vel við en almenn fyrirtæki á markaði hafa gert. Í þessu ljósi telur Verslunarráð þær áhyggjur sem fram koma í greinargerðum með ofangreindum frumvörpum ekki knýja á um svo róttækar breytingar á meginreglum hlutafélagaréttar sem frumvörpin gera ráð fyrir.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,



Sigríður Ásthildur Andersen.